


Afrekssjóður Skylmingafélags Reykjavíkur



Skylmingafélag
Reykjavíkur

Afrekssjóður Skylmingafélags Reykjavíkur fyrir ungt og efnilegt skylmingafólk miðar að því að styðja við og efla skylmingaiðkun efnilegs íþróttafólks á aldrinum 15 – 25 ára.

1.gr.: Skipan

Í stjórn sjóðsins sitja 3 einstaklingar. Skipaðir af stjórn Skylmingafélags Reykjavíkur tvö ár í senn.

2. gr.: Markmið

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilegt skylmingafólk aldrinum 15 – 25, til að ná því markmiði að verða framtíðarafreksmenn Íslands. Frávik frá þessum aldursmörkum eru heimil ef sérstök ástæða er til.

Sjóðurinn styrkir ýmis verkefni sem snúa beint að viðkomandi styrkþega, s.s. til að stunda æfingar og keppni umfram það sem hann annars mundi gera.

Sjóðurinn getur ennfremur styrkt verkefni, sem eru til aðstoðar við efnilegt skylmingafólk.

3. gr.: Skilyrði

Væntanlegur styrkþegi þarf að sýna að hann hafi hæfileika til að ná árangri á alþjóðlegum mælikvarða. Gangast undir skilyrði um reglusemi, stranga æfingaáætlun, nám til hliðar við skylmingaæfingar, sýna stígandi framfarir í íþróttinni og vera öðrum góð fyrirmynd.

4. gr.: Umsóknir

Aðeins skylmingafólk á aldrinum 14 til 25 ára eða sérlegir umboðsmenn þeirra geta sótt um styrkveitingar í sjóðinn. Umsóknir skulu berast stjórn sjóðsins á tilsettum tíma samkvæmt auglýsingu. Sjóðsstjórn er heimilt að hafa frumkvæði að einstökum styrkveitingum. Auglýst skal eftir umsóknum einu sinni á ári.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma í umsókninni og leita umsagnar annarra aðila.

5. gr.: Samningur

Samningur skal gerður við viðkomandi styrkþega þar sem fram koma skyldur sjóðsins og íþróttamanns. Þar er um að ræða skyldur gagnvart reglum ÍSÍ um lyfjanotkun og lyfjæftirlit, siða- og agareglum ÍSÍ, og Ólympíusáttmálanum og önnur þau skilyrði sem samningsaðilar þurfa að undirgangast. Einnig skyldur til að halda æfingadagbók og skil á skýrslum um framgang mála.

6. gr.: Greiðsla á styrk

Greiðslur vegna samnings um styrk úr sjóðnum eru greiddar við skil á skýrslu og fjárhagslegu uppgjöri eftir hverja fjóra mánuði. Allar greiðslur skulu ganga til viðkomandi einstaklingi. Óheimilt er að verja styrkgreiðslum í almennan eða annan rekstur en þann er verður til vegna skylmingaæfinga eða keppni.

7.gr.: Breyttar forsendur styrkveitinga

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að fella niður styrkveitingar ef aðstæður breytast eða sjóðsstjórn hafa verið gefnar rangar eða villandi upplýsingar.